

273. fundur 14. febrúar 2008

**Fundargerð 273. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 14. febrúar 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún 2 blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 272. fundar hreppsnefndar 17. janúar 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 13. febrúar 2008. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Bréf dags 14.jan.2008 frá Vegagerðinni með beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir veginum Hofsstaðavegur-vesturlína. Afgreiðslu frestað á fundi þann 17. jan. 2008. Samþykkt að veita framkvæmdaleyfið með fyrirvara um að samningar hafi náðst við landeigendur.
2. Bréf dags. 23. október 2007 frá Vegagerðinni með beiðni um framkvæmdaleyfi til efnistöku fyrir vegarkaflann Hofsstaðavegur – Þorskafjarðarvegur. Afgreiðslu frestað á fundi 15. nóv. 2007. Samþykkt að veita framkvæmdaleyfið með fyrirvara um að samningar hafi náðst við landeigendur
3. Bréf dags. 15. janúar 2008 frá Vegagerðinni um fyrirhugaða framkvæmd við lagningu Vestfjarðavegar um Gufudalssveit, um land Þórisstaða í Reykhólahreppi. Ekki gert athugasemd við vegstæðið. Karli falið að tala við landeigendur Þórisstaða.
4. Bréf dag. 17. janúar 2008 frá Alþingi með beiðni um umsögn um samgönguáætlun, 292. mál. Skjalið er hægt að sækja á vefinn: www.althingi.is/alttext/135/s/0332.html. Umsögn ekki veitt.
5. Fyrirspurn frá Fjórðungssambandi vestfirðinga um hvort Reykhólahreppur vill hýsa fjórðungspingið þann 5. – 6. sept. 2008. Samþykkt að hýsa þingið.
6. Bréf dags. 28. janúar 2008 frá Fornleifavernd Ríkisins með ábendingum um að í sambandi við aðalskipulag verði tillit tekið til menningarminja og að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá aðalskipulagi. Sveitarstjóra falið að ræða við hlutaðeigandi.
7. Bréf dags. 15. janúar 2008 frá Ungmennafélagi Íslands þar sem auglýst er eftir umsóknum um undirbúning og framkvæmd 13. unglingalandsmóts UMFÍ árið 2010. Reykhólahreppur hyggst ekki sækja um.

8. Tölvupóstur dags. 8. janúar 2008 frá Veraldarvinum með ósk um samstarf við Reykhólahrepp sumarið 2008. Samþykkt að taka á móti 7-10 manns í viku.

Mál til kynningar:

1. Tölvupóstur dags. 30. janúar 2008 frá Sambandi Ísl. Sveitarfélaga varðandi sameiginlega framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf dags. 4. febrúar 2008 frá Landgræðslu ríkisins með kynningu á verkefninu Héraðsáætlanir Landgræðslunnar. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf dags. 18. janúar 2008 frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi varðandi Ólafsvíkuryfirlýsinguna. Lagt fram til kynningar.
4. Bréf dags. 4. febrúar 2008 frá Landvernd varðandi Bláfánann og Bláfánaverkefnið. Lagt fram til kynningar.
5. Afrit bréfs dags. 10. janúar 2008 til Sambands Ísl.sveitarfélaga um ráðstefnu um snjóflóðavarnir, skipulagsmál og samfélagsmál. Lagt fram til kynningar.
6. Bréf dags. 30. janúar 2008 frá Skjólskógum á Vestfjörðum með afriti af samningi um fjölnytjaskógrækt á lögbýli. Lagt fram til kynningar.
7. Innkomnar tillögur að nýju nafni á Tilraunastöðina. Ákvörðun um nýtt nafn frestað til næsta fundar.

Önnur mál:

1. Bréf dags. 13. feb.2008 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með boði á málþingið: Hugmyndir um stóriðnað á Vestfjörðum. Lagt fram til kynningar.
2. Gjaldskrá Reykhólahrepps fyrir árið 2008. Gjaldskráin samþykkt.
3. Viðskiptasamningur við Hólakaup ehf. Samningurinn samþykktur.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:00.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)